

Fundargerð 116. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 21. apríl 2017, kl. 13.15 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,  
Fjóla Hrund Björnsdóttir  
Sigrún Árnadóttir,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,  
Marta Jónsdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Sala eigna - staða

a. Kauptilboð frá Icerental 4X4

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð sem barst í Bogatröð 2 frá Icerental 4X4.

Stjórn samþykkti tilboð Icerental 4X4 í Bogatröð 2 og fól framkvæmdastjóra að ganga frá kaupunum.

3. Forleiguréttur að lóðum

a) Advania

Framkvæmdastjóri fór yfir beiðni Advania um að fá úthlutaða lóð að Sjónarhóli.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að að ræða við Advania.

b) Algalíf

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að framlengingu á forleigurétti Algalíf vegna

lóðarinnar að Bogatröð 10. Stjórn samþykkti framlengingu á forleigurétti Algalíf.

c) Borealis

Framkvæmdastjóri fór yfir forleigurétt Borealis að lóðum við Vogshól.

Forleigurétturinn er runnin út og verður ekki framlengdur í núverandi mynd.

Stjórn var kynnt drög að nýjum forleigurétti lóðar við Vogshól sem gildir út árið

2017. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.

4. Verðlagning bygginga-og nýtingaréttar lóða á starfssvæði ÞK

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn drög að skilmálum vegna verðlagningar bygginga-og nýtingaréttar lóða. Umræða fór fram um málið.

Frekari umræðu um málið var frestað til næsta stjórnarfundar.

SA  
SKK  
FTB

5. 10 ára afmæli Keilis

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs fagnar 10 ára afmæli þann 4. maí nk.

Framkvæmdastjóri lagði til að Kadeco færði Keili gjöf í tilefni afmælisins í formi tímalínu sem mun sýna þróun Keilis frá stofnun. Stjórn samþykkti tillöguna og fól framkvæmdastjóra að ganga frá málum.

6. Önnur mál

Ársreikningur.

Ársreikningurinn verður sendur stjórn um leið og hann liggur fyrir.

Ekkert fleira var rætt undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í maí 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.40



Fjöla Hrunn Björnsd.